Fiskvinnslan **Drangur** ehf.
Drangsnesi

Atvinnuvega og nýsköpunarráðherra. **Drangsnesi 7 des. 2012**

Steingrímur J Sigfússon

Efni: Róðra og vinnslustopp á Drangsnesi.

Ágæti Atvinnu og nýsköpunarráðherra.

Nú er komin upp alvarleg staða hér á Drangsnesi, þar sem okkar bátar geta ekki lengur róið til fiskjar þar sem ekki er til ýsukvóti. En ýsuveiði hefur verið með **besta móti** þótt menn hafi forðast hana eins og heitan eld, þar sem það er búið að vera ljóst lengi í hvað stefndi. Við eigum kvóta í þorski sem menn ætluðu að veiða í vetur þannig að fólk hefði vinnu við sjómensku, beitningu og vinnu í fiskvinnslunni. En nú er þetta allt að **stöðvast** ásamt annarri óáran eins og söluerfiðleikum á grásleppuhrognum, sölutregðu og lækkun á saltfiski.

Ég óska eindregið eftir því að veiðiráðgjöf og kvóti í ýsu verði endurskoðaður eða fundnar þær lausnir sem duga til þess að hjól atvinnulífsins hér og víða annarstaðar geti farið að snúast og við hjálpað til við að rétta hag þjóðarbúsins í leiðinni. Ekki mun af veita.

Hér á Drangsnesi sem er minnsta sjávarpláss í heimi eru vandamálin fljót að hrannast upp, ef mönnum er gert ómögulegt að bjarga sér með því að sækja sjóinn, vegna þess að ýsan er svo mikill hluti af aflanum þrátt fyrir að fiskifræðingar telji stofninn lítinn og þoli ekki veiði. Ég tel nokkuð ljóst að það fólk sem hér býr leiti annað ef ekki verður hér lífsviðurværi, því atvinna og afkoma er það sem skiptir miklu máli.

Óskar Albert Torfason

Framkvæmdastjóri Fiskvinnslunar Drangs ehf. og Útgerðarfélagsins Skúla ehf.

Afrit sent alþingismönnum norðvesturkjördæmi.